

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	09.01.2017
Málalykill	10.14
Mál nr.	1701117

Hagasmára 1
201 Kópavogi
s. 512 8900
reginn.is



Bæjarstjóri Garðabæjar
Gunnar Einarsson
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Kópavogur 3. janúar 2017

Efni: Bílastæði við Garðatorg

Í framhaldi af fundi sem fulltrúar fasteignafélagsins Regins hf. áttu með bæjarstjóra og bæjarritara 20. október s.l. vill undirritaður leggja fram eftirfarandi tillögur að aðgerðum til að bæta nýtingu og auðveldða flæði á og við bílastæði á Garðatorgi.

Á Garðatorgi eru bílastæði á 1. hæð (ofanjarðar) og í bílakjallara. Bílastæði ofanjarðar eru alla jafna þétt setin og leggur þar bæði starfsfólk fyrirtækja og stofnana við Garðatorg, viðskiptavinir verslana og verktakar sem vinna að byggingu húsa við torgið. Bílastæði í kjallara eru ekki eins vel nýtt og bílastæði á 1. hæð, fyrst og fremst vegna þess að sýnileiki þeirra er takmarkaður, þar hefur númerslausum bílum og kerrum m.a. verið lagt til lengri tíma.

Á 1. hæð eru merkingar um að leyfilegt sé að leggja bílum í 15 mínútur. Á 1. hæð eru tvær inn- og útkeyrslur, önnur frá Bæjarbraut og hin frá Vífilstaðavegi. Í bílastæðahúsi eru inn- og útkeyrslur einnig tvær, önnur frá Vífilstaðavegi (einungis hægt að nýta þegar ekið er til vesturs) og hin frá Hrísmóa, að auki er innkeyrsla frá Bæjarbraut. Erfitt er fyrir nýja notendur að sjá að bílastæðahúsið sem er bjart og einfalt sé í boði yfirhöfuð þar sem það er illa merkt og auk þess er ekki auðvelt að færa sig á milli hæða, hvorki upp né niður.

Lagðar eru til eftirfarandi tillögur að úrbótum:

- Sett verði upp skilti þar sem ekið er inn á torgið með upplýsingum um fjölda bílastæða á 1. hæð og kjallara auk stefnumerkinga sem vísa á innkeyrslur kjallara.
- Settar verði upp rauntímaupplýsingar um fjölda lausra bílastæða í kjallara sem sjáanlegar verði öllum öðrum sem aka inn á torgið. Með þeim væri öllum öðrum strax ljóst hvar og hvort bílastæði séu laus og einnig greinilegt að bílastæðakjallari sé í boði.
- Sett verði upp skilti við aðkomu að bílastæðakjallara um að ekki sé leyfilegt að leggja þar lengur en 12 klst. Það myndi auðveldða eftirfylgni á því að númerslausum bílum og kerrum verði ekki lagt í kjallara.
- Merkingum á torginu verði breytt úr 15 mín í 90 mín. 15 mín merkingar eru taldar órókréttar þar sem veitingahús, safn og verslanir eru á svæðinu.
- Verktökum á svæðinu verði beint að því að leggja bílum sínum í kjallara á meðan á framkvæmdum stendur.

Óskað er eftir að tekið sé á þessu máli sem fyrst þar sem mikið og vaxandi álag er á bílastæðum á torginu. Jafnframt er því varpað hér fram að Reginn hf. er tilbúin til að taka þátt í kostnaði við ofangreint og koma að nánari útfærslum.

Páll V. Bjarnason

Páll V. Bjarnason
Framkv.stjóri Reginn Atvinnuhúsnæði ehf.

Minnisblað

Dreifing
Páll V. Bjarnason

14.11.16

Tíðni

Garðatorg

Bílastæði

16390

Höfundur

SJ

Yfirferð/Samþykkt

SÓ/SJ

1 Inngangur

Að ósk Páls V. Bjarnasonar hefur VSÓ skoðað núverandi aðstæður bílastæða við Garðatorg s.s. skýrleika og notkun og í framhaldi af því komið með tillögum að útbótum.

2 Vettvangsferð og núverandi aðstæður

Á Garðatorgi eru bílastæði á 1.hæð (ofanjarðar) og í bílastæðihúsi. Á 1.hæð eru merkingar um að leyfilegt sé að leggja í 15 mínútur. Á 1.hæð eru tvær inn- og útkeyrslur, önnur frá Bæjarbraut og hin frá Vífilisstaðavegi. Í bílastæðahúsi eru inn- og útkeyrslur einnig tvær, önnur frá Vífilisstaðavegi (einungis hægt að nýta þegar ekið er til vesturs) og hin frá Hrísmóa, að auki er innkeyrsla frá Bæjarbraut. Erfitt er fyrir nýja notendur að sjá að bílastæðahúsið sem er bjart og einfalt sé í boði yfirhöfuð og auk þess er ekki auðvelt að færa sig á milli hæða, hvorki upp né niður.

Farið var í vettvangsferð á Garðatorg þann 8/11 um kl 17. Var þá um 70% nýting á bílastæðum á svæðinu. Samkvæmt deiliskipulagi á ennþá eftir að byggja húsnæði við Garðatorgi 6 og því ástæða til að tryggja gott aðgengi og skýrleika á bílastæðunum. Ökutækjum var lagt fyrir framan Hönnunarsafn Íslands enda ekkert þar sem gefur til kynna annað en að það sé leyfilegt. Ef vilji er fyrir því að hindra það er mögulegt að setja bannmerki B21.11 um að bannað sé að leggja ökutæki eða mála gula brotna línu. Í vettvangsferð voru tvö númerslaus ökutæki og ein kerra í bílastæðahúsi, að sögn Reginn hefur talsvert verið um kvartanir varðandi slíkt.

3 Tillögur að útbótum

Talið er að rauntímaupplýsingar um fjölda lausra stæða á 1.hæð og í bílastæðahúsi áður en komið er inn á bílastæði myndu hjálpa mikið. Þá væri ökumanni strax ljóst hvar og hvort bílastæði séu laus og einnig að bílastæðahús sé í boði. Ödýrari og einfaldari lausn en að sama skapi líklega ekki jafn skilvirkt væri að setja upp skilti áður en komið er inn á bílastæði með upplýsingum um fjölda stæða á 1.hæð og í bílastæðahúsi.

Til að koma í veg fyrir að ökutæki og kerrur séu skildar eftir til langs tíma í bílastæðahúsi mætti setja skilti við innkomu í bílastæðahús um að ekki sé leyfilegt að leggja lengur þar en í 24 klst. Hafa eigendur þá rétt á að láta fjarlægja bíl eða tæki séu þau geymd þar í leyfisleysi.

Merkingar um að leyfilegt sé að leggja í 15 mínútur eru taldar sé örökréttar og ýti jafnvel undir að ekki sé borin virðing fyrir merkingum. Veitingahús, safn og verslanir eru á svæðinu og því lagt til að breyta merkingum í 90 mínútur.

1
2
3
4

Garðatorg
Bílastæði

Minnisblað

Gámar og byggingarsvæði eru við Garðatorg 6 sem ná út á bílstæðið. Eitthvað er um að verktakar og aðrir tengdir þeim framkvæmdum séu að leggja í stæðum á 1.hæð, jafnvel á því svæði sem virðist vera vinsælast, og nýta þau sem langtímastæði. Lagt er til að þeir leggi í kjallara á meðan framkvæmdir eru, hægt væri að gefa þeim tilmæli um að leggja ekki í stæðum næst gönguleiðum.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026